

Stafræn smiðja á Suðurnesjum

Áhugahópur um stafræna smiðju á Suðurnesjum óskar eftir því að sveitarfélög, í samstarfi við hagsmunaaðila og ríki komi að stofnun stafrænnar smiðju á Suðurnesjum til að tryggja samkeppnishæfni svæðisins og efla þar nýsköpun og atvinnulíf. Í því skyni verði settur á fót vinnuhópur hagsmunaaðila og fulltrúa sveitarfélaga sem skoði mögulegar útfærslur og rekstrargrundvöll.

Stafrænar Fab-Lab smiðjur eru nýsköpunarsmiðjur sem veita notendum tækifæri til að hrinda hugmyndum í framkvæmd með því að hanna, móta og framleiða hluti með aðstoð stafrænnar tækni. Smiðjurnar gefa kost á skapandi námi og auka þekkingu og leikni nemenda, kennara, frumkvöðla og almennings. Stafrænar smiðjur styðja þannig við virka þátttöku og áhuga á verk- og tækninámi í grunn- og framhaldsskólum sem og bætt tæknilæsi.

Í dag eru starfræktar átta stafrænar smiðjur á landinu og var rekstrargrundvöllur þeirra styrktur og festur í sessi til þriggja ára í mars 2021 með framlagi frá ANR og MRN samtals 84 milljónir króna sem gera um 4 milljónir frá hvoru ráðuneyti til hverrar smiðju, sem þegar er í rekstri. Rekstrarform smiðjanna eru ólík en að rekstri þeirra koma sveitarfélög og hagsmunaaðilar á hverju svæði.

Íbúar á Suðurnesjum eru 29.108 talsins, þar af flestir í Reykjanesbæ eða 20.298. Svæðið er því með þeim fjölmennari á landinu (utan höfuðborgar) ef undan er skilið Norðurland Eystra (31.161) og Suðurland (32.161). Því er mikilvægt að íbúar á Suðurnesjum fái sömu tækifæri og aðrir landshlutar til að styðja við nýsköpun og efla tæknilæsi.

Hraðar tæknibreytingar í samfélaginu, oft kenndar við 4. iðnbyltinguna, munu hafa mikil áhrif á líf okkar og störf í náinni framtíð og það er mikilvægt að við tökum virkan þátt í þeim tæknibreytingum sem eiga sér stað í heiminum. Stefna og stuðningsumhverfi nýsköpunar þarf því að mynda traustar undirstöður fyrir þróun tækni og atvinnulífs hér á landi, í takt við það sem best gerist í öðrum löndum. Hraðar tæknibreytingar fela einnig í sér margvíslegar samfélagslegar áskoranir. Huga þarf meðal annars að því að tækniþróun leiði ekki til aukinnar aðgreiningar í þjóðfélaginu og að atvinnuþróun tryggji áframhaldandi velferð hér á landi. Nýsköpunarhæfni samfélags, getan til þess að leiða fram góðar hugmyndir og veita þeim í frjósaman farveg verður því sífellt mikilvægari forsenda lífsgæða.

Gert er ráð fyrir að efla stafrænar smiðjur um allt land í Nýsköpunarstefnu Íslands og falla þær undir mörg markmið í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar þar sem jafnframt er lögð áhersla á að efla þurfi frumkvöðlamenningu í skólum.

Stafræn smiðja á Suðurnesjum getur tengst frumkvöðlasetri fyrir svæðið og fjarvinnustöð vegna starfa án staðsetningar.

Óskar Birgisson áhugamaður um stofnun stafrænnar smiðju
Hanna María Kristjánsdóttir forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja
Dagný Maggýjar verkefnastjóri Hekllunnar, atvinnuþróunarfélags Suðurnesja